



Reykjavík, 3. júní 2021
SFS2021060016
210. fundur
HG/img/gS

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi breytingu á reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu:

Núgildandi **2. mgr. í gr. 1.a** er svohljóðandi:

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Lagt er til að gerð verði breyting á **2. mgr. í gr. 1.a** og að ákvæðið verði svohljóðandi:

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum rafræna *skráningar- og upplýsingakerfið Völu – umsókn.vala.is*. *Jafnframt er hægt að fara í gegnum* Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Núgildandi **3. mgr. í gr. 1.a** er svohljóðandi:

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Lagt er til að gerð verði breyting á **3. mgr. í gr. 1a** og að ákvæðið hljóði svo:

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og

frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir. *Auk þessa starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla sem taka inn börn á aldrinum 12 til 24 mánaða.*

Núgildandi **4. mgr. í gr. 1.a** er svohljóðandi:

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Lagt er til að gerð verði breyting á **4. mgr. í gr. 1.a** og að ákvæði hljóði svo:

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við *9 mánaða aldur* og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Núgildandi **6. mgr. í gr. 1.a** er svohljóðandi:

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag en þá er unnið úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla.

Lagt er til að gerð verði breyting á **6. mgr. í gr. 1.a** og að ákvæðið hljóði svo:

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í *allt að 30 daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi.*

Lagt er til að til verði ný **9. mgr. í gr. 1.a** og að ákvæðið hljóði svo:

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað pláss fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára fá foreldrar bréf með áminningu um að sækja um flutning í annan leikskóla fyrir komandi skólaár. Flutningsumsóknir vegna þessara barna, það er þeirra sem verða þriggja ára á árinu, eru afgreiddar áður en árleg, almenn innritun hefst, fyrir komandi haust sem tryggir þeim pláss í leikskóla fyrir eldri börn.

Núgildandi **1. mgr. í 6. gr. d** er svohljóðandi:

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Lagt er til að gerð verði breyting á **1. mgr. í 6. gr.d** og að ákvæðið hljóði svo:

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá eru í vistun í leikskólum borgarinnar, skóla- og frístundasvið greiðir framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, systkini eru í grunnskóla borgarinnar, greitt er framlag vegna þeirra til sjálfstætt rekens grunnskóla á grundvelli samnings þar um, eða eru í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða sértækri félagsmiðstöð borgarinnar greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.

Framangreindar breytingar gildi frá samþykki borgarráðs.

Greinargerð:

Breyting varðandi stofnun ungbarnaleikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2021 og í borgarráði þann 15. apríl 2021 var samþykkt að fela skóla- og frístundasviði að hefja formlegan undirbúning að stofnun ungbarnaleikskóla að Bríetartúni 11, Reykjavík. Fram kemur að miðað sé við að leikskólinn verði fjögurra deilda ungbarnaleikskóli fyrir 60 börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ári. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa fyrir lok ársins 2021.

Í tengslum við framangreindan undirbúning er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum um leikskólaþjónustu í því skyni að þær taki mið af þessum nýja möguleika.

Horft er til þess að börn í ungbarnaleikskólum fari í leikskóla fyrir eldri börn á því ári sem þau verða þriggja ára. Vegna þessa er lagt til að miðað verði við að þau séu ekki eldri en um það bil 24 mánaða þegar þau hefja dvöl í leikskólanum svo þau geti verið þar í það minnsta eitt ár. Einnig þarf að tryggja að þau fái síðan flutning í aðra leikskóla á því ári sem þau verða þriggja ára þannig að þau verði ekki án leikskólagöngu.

Breyting varðandi fjölda daga sem ekki er unnið úr nýjum umsókn:

Reglur um leikskólaþjónustu gera ráð fyrir að foreldrar hafi 5 daga til að samþykkja eða hafna boði um leikskóla fyrir barn sitt. Þegar niðurstaða fyrstu úthlutunar liggur fyrir hefst ferlið að nýju og aftur hafa foreldrar 5 daga til að samþykkja eða synja. Að þessu loknu má gera ráð fyrir að enn séu pláss til úthlutunar.

Ákvæði er kveður á um að ekki verði unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag á meðan unnið aðalinnritun fer fram hefur verið í gildi frá apríl 2018. Frá þeim tíma hefur komið í ljós að þessi tími er of skammur.

Breyting varðandi fæðisgjald:

Lagt er til að gerð verði breyting á reglunum til samræmis við breytingar á gjaldskrá Reykjavíkurborgar frá 1. janúar 2021 hvað það varðar að afslátt af fæðisgjöldum.

Aðrar breytingar skýra sig sjálfar.